

Borgarráð

Lagt er til að eftirfarandi fjárhagsrammar verði samþykktir fyrir svið borgarinnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023:

Tafla 1: Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs og Eignasjóðs

Aðalsjóður	Upprunaleg áætlun 2022	Viðbætur	Rammi 2023
Fjármála og áhættustýringarsvið (FAS)	1.415.990	51.069	1.467.059
Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR)	9.979.315	686.626	10.665.942
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	5.836.596	43.438	5.880.034
Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)	320.423	22.799	343.222
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu (RHS)	1.780.559	51.875	1.832.434
Skóla- og frístundasvið (SFS)	63.581.277	1.684.106	65.265.383
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	9.671.152	-4.938	9.666.213
Velferðarsvið (VEL)	31.945.728	2.474.433	34.420.161
Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON)	2.956.116	43.270	2.999.385
Rammaúthlutun 2023	127.487.156	5.052.677	132.539.834

Eignasjóður nettó fyrir afskriftir og fjárm. liði	Upprunaleg áætlun 2022	Viðbætur	Rammi 2023
Eignaskrifstofa (ESK)	-21.719.377	-1.109	-21.720.486
Umhverfis- og skipulagssvið ES (USKES)	3.429.786	226.359	3.656.145
Verkefnastofa þróunarmála (VST)	-4.670.478	-687	-4.671.165
Rammaúthlutun 2023	-22.960.069	224.563	-22.735.506

Jafnframt er lagt til að borgarráð feli fagsviðum, kjarnasviðum og miðlægum skrifstofum að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.

Greinargerð

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar hafði mikil áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar. Hröð kólnun í hagkerfinu og á vinnumarkaði leiddi til þess að tekjur borgarinnar voru töluvert undir áætlun árin 2020 og 2021. Vonir stóðu til þess að viðsnúningur yrði kröftugur á árinu 2022 og að hagkerfi heimsins kæmust á sama stað og fyrir faraldur. Þrátt fyrir að vel hafi gengið að ná atvinnuleysi niður hafa stríðsátök og viðvarandi vandamál í aðfangakeðjum sett hagkerfi heimsins í uppnám. Verðbólga mælist mun hærri en spáð var, bæði hérlandis sem og í öllum

helstu viðskiptalöndum Íslands. Þá hefur óvissa á fjármálamörkuðum aukist mikið sem m.a. hefur endurspeglast í lækkun hlutabréfaverðs og hækkandi ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði.

Við blasir að áhrif aukinnar verðbólgu verða enn töluverð næstu misserin en samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er ekki gert ráð fyrir að verðbólguþröng Seðlabankans verði náð fyrr en árið 2025. Í því ljósi er nauðsynlegt að fjárhags- og fimm ára áætlun borgarinnar endurspegli breytt efnahagsumhverfi og þá miklu óvissu sem nú ríkir í efnahagsmálum.

Reykjavíkurborg leggur fram útfærslu rammaúthlutunar fyrir árið 2023 á þessum grunni. Minnt er á að útfærsla fjárhagsáætlunar er eitt helsta stjórnþætti borgarstjórnar til að koma áherslum sínum og stefnumörkun í framkvæmd. Það er í anda þess sem stjórnendum fag- og kjarnasviða er falið að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði við undirbúning frumvarps að fjárhagsáætlun:

- Leiðarljós við undirbúning fjárhagsáætlunar verði grænar áherslur, sjálfbærni til skemmri og lengri tíma, betri rekstur og skilvirk þjónusta.
- Fjárfest verði í stafrænni umbreytingu og notkun nýrrar tækni og kallað eftir skýrum áformum um samhliða breytingar. Áhersla verði á nýsköpunar- og þróunarverkefni með fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi. Verkefni verði valin og fjármögnuð með hliðsjón af arðsemi og áhrif á verkferla og vinnubrögð.
- Aukin áhersla verði á miðlæg innkaup og þannig náð hagræðingu í rekstri.
- Húsnæðiskostnaður og nýting húsnæðis í rekstri og þjónustu borgarinnar verði rýnd, m.a. með samnýtingu og sparnað að leiðarljósi.
- Unnið verði markvisst að greiningu og viðbrögðum vegna veikinda og fjarvista með hliðsjón af innleiðingu af styttingu vinnuvikunnar.
- Rekstur stofnana og þjónusta verði rýnd og endurskoðuð eftir atvikum samhliða og í takt við styttingu vinnuvikunnar.
- Fjárfestingaráætlun til næstu fimm ára verði endurskoðuð með hliðsjón af breyttu efnahagsumhverfi og forgangsraðað í samræmi við Græna planið.
- Markvisst verði unnið með atvinnulífi, fyrirtækjum og ríkinu að því að tryggja fjárfestingarverkefnum framgang. Tekið verði mið af „Rammamarkmiðum ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum“ frá júlí 2022 og áhersla lögð á að tíma- og tekjuáætlanir varðandi þróun nýrra svæða og úthlutun lóða gangi eftir. Áhersla verði lögð á virka samvinnu um þróun borgarlandsins og þau tækifæri sem því tengist við tekjuöflun og fjárhag borgarinnar til framtíðar.

Við undirbúning rammaúthlutunar hefur komið fram að fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar ásamt miðlægum skrifstofum meta viðbótarskuldbindingar sínar að fjárhæð um 9,5 ma.kr. Þessar skuldbindingar hafa ekki verið teknar inn við rammaúthlutun og aðeins tekið inn það sem er þegar samþykkt stefnumörkun, talið er brýnast og varðar meðal annars áhættur í rekstri. Gert er ráð fyrir því að við frágang frumvarps að fjárhagsáætlun verði tekið frá takmarkað fjármagn og vistað miðlægt vegna skuldbindinga sem áætlað er að gangi eftir á árinu, einkum vegna úrræða á velferðarsviði og uppbyggingar leikskóla.

Forsendur rammaúthlutunar vegna ársins 2023 eru að öðru leyti eftirfarandi:

1. Gjaldskrár:

- 1.1. Gjaldskrár vegna þjónustugjalda verði leiðréttar 1. sept. n.k. um 4,5% til að tryggja að þær haldi í við áætlaða þróun verðlags árið 2022. Árið 2023 er lagt til að gjaldskrár hækki um 4,9% í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspegli raunkostnað í samræmi við lög.
- 1.2. Innri leiga hækki um 4,1% á milli ára í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Tekið verði tillit til raunþróunar verðlags árið 2022 á móti gildandi áætlun ársins.
- 1.3. Gjaldskrár upplýsingatæknideildar (UTR) taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af launahækkunum, verðbótum á samningsbundinn annan rekstrarkostnað og hagræðingarkröfu.

2. Útgjöld:

- 2.1. Launakostnaður: Gert er ráð fyrir að launahækkanir vegna kjarasamningshækkana leiði til endurskoðunar á fjárheimildum. Kjarabótum verður úthlutað til sviða þegar niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir.
- 2.2. Verðbætur á annan rekstrarkostnað: Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað þegar um er að ræða skuldbindingar í samningum gagnvart þriðja aðila í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 4,9% hækkun á vísitölu neysluverðs og um 5,5% hækkun launavísitölu.
- 2.3. Hagræðing: Gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði. Hagræðing er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviða. Á þetta við um öll fag- og kjarnasvið borgarinnar ásamt miðlægri starfsemi, utan grunnskólahluta skóla- og frístundasviðs. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu en gerð er krafa um sambærilega hagræðingu á samninga við þriðja aðila sem falla ekki undir samningsbundnar skuldbindingar.
- 2.4. Grunnskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum nýs reiknilíkans. Á reynslutímabili líkansins fá grunnskólar úthlutaðar verðbætur á annan rekstrarkostnað sem endurspeglar útgjaldaþróun og jafnframt er ekki gerð krafa um 1% hagræðingu á laun.
- 2.5. Innri leiga: Gert er ráð fyrir að aukning á innri leigu, 4,1%, komi í ramma. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að taka saman upplýsingar um breytingar á innri leigu vegna ársins 2022. Gert er ráð fyrir að verðlags- og magnáhrif vegna leigu samgöngumannvirkja verði bætt með sama hætti.
- 2.6. Við rammaúthlutun er ekki ráðstafað til velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings en gert verður ráð fyrir fjármagni vegna þessara liða við framlagningu frumvarps.

Gerð er krafa um að fagsviðin skili nákvæmri útfærslu á forsendum tekna og útgjalda, magni og einingaverðum, fyrir alla þjónustubætti við endanleg skil á drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2023 felast í því að sviðsstjórar og skrifstofustjórar miðlægra skrifstofa undirbúa tillögu til borgarstjóra að fjárhags- og starfsáætlun til næsta árs og næstu fimm ára. Fagráð rýna og skoða hvort tilefni er til að breyta forgangsroðun og áherslum í ljósi þessarar rammaúthlutunar.

Skilafrestur sviða á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2023 er 20. september nk. Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2023 og fimm ára áætlun

vegna áráanna 2023-2027 verði lagt fram í borgarstjórn þriðjudaginn 1. nóvember nk. og afgreitt úr borgarstjórn eftir síðari umræðu þriðjudaginn 6. desember 2022.

Sjá nánari útfærslu fjárheimilda fyrir hvert svið í viðauka.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

VIÐAUKI:

Nánari útfærsla á römmum sviða er eftirfarandi:

Tafla 2: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	1.415.990
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Hagræðing 1% á laun	-12.362
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	26.355
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa	1.076
Gjaldkeri 50% stöðugildi	9.000
Styrking launaskrifstofu og launavinnslu	27.000
Rammaúthlutun 2023	1.467.059

Tafla 3: Íþróttá- og tómstundasvið

Íþróttá- og tómstundasvið (ÍTR)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	9.979.315
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-98.060
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	154.591
Hagræðing 1% á laun	-35.002
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	62.378
Viðauki 2022: Gjaldskrá veitna - hækkun	18.000
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa ITR	1.214
Viðauki 2022: Húsaleigustyrkur Tónlistarskóli Árbæjar (tímabundið 2022 - 2024)	10.000
Viðauki 2022: Endurmat starfa ÍTR	5.577
Íþróttahús og vellir Fram í Úlfarsárdal	111.340
Íþróttahús í Breiðholti hjá ÍR	37.670
Hækkun á framlagi til skiðasv. í framhaldi af fjárfestingu Hlutur RVK	18.208
Tveir nýjir gervigrasvellir í Laugardal	26.700
Viðburðasamningur við ÍBR	10.000
Íþróttahúsið í Austurbergi	10.000
Tekjukrafa hækkun til baka eftir Covid	-40.716
Frítt inn fyrir 15 ára og yngri í sundlaugar í Reykjavík	29.250
Breytingar á aðgangstekjum FHG	0
Frístundakort	365.477
Rammaúthlutun 2023	10.665.942

Tafla 4: Mannauðs- og starfsþróunarsvið

Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	320.423
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Hagræðing 1% á laun	-3.064
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	5.057
Viðauki 2022: Jafnlaunastofa	5.602
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa MOS	1.178
Öryggisstjóri	14.025
Rammaúthlutun 2023	343.222

Tafla 5: Menningar- og ferðamálasvið

Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	5.836.596
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-18.923
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	77.081
Hagræðing 1% á laun	-19.041
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	32.566
Viðauki 2022: Sinfóníuhljómsveit Íslands	12.310
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa MOF	2.745
Viðauki 2022: Stockfish - (tímabundið 2023-2025)	5.000
Nýtt afgreiðslukerfi	12.650
Tekjukrafa hækkun til baka eftir Covid	-64.350
Ferjusiglingar í Viðey - samningur	3.400
Rammaúthlutun 2023	5.880.034

Tafla 6: Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið (SFS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	63.581.277
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-300.198
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	69.461
Hagræðing á laun	-232.118
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki (utan grunnskóla)	400.758
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki (grunnskólar)	471.454
Viðauki 2022: Kjarasamningur Félags grunnskólakennara	599.911
Viðauki 2022: Arnarskóli	18.075
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa SFS	3.256
Viðauki 2022: Kjarasamningar FÍH og FT	62.228
Viðauki 2022: Hópkennsla í hljóðfærleik (tímabundið 2022-2023)	12.573
Viðauki 2022: Fjölgun í leikskólum og nýir leikskólar sem hafa opnað	253.804
Fjölgun nemenda mv. fjölda nem í apríl 2022 - sjálfstætt starfandi	27.266
Einhverfudeild Réttarholtsskóla	18.275
Íslenskuver seinni 2 borgarhlutar (var komið fyrir haustönn - vantar hálf ár)	31.162
Skólahljómsveitir viðbótarstjórnun	22.000
Innri leiga búnaðar - gróska	226.198
Rammaúthlutun 2023	65.265.383

Tafla 7: Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Skrifstofa. miðl. stjórnsýslu (RHS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	1.780.559
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	15
Hagræðing 1% á laun	-14.614
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	19.218
Viðauki 2022: Hækkun á árgjaldi SSH	3.401
Viðauki 2022: Saman gegn ofbeldi	12.000
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa	4.324
Viðauki 2022: Íbúaráð	1.800
Viðauki 2022: Lýðræðisstefna (tímabundið 2022 - 2026)	4.250
Viðauki 2022: Ljósaverk ÓE (tímabundið 2022 - 2024)	6.500
Stöðugildi í persónuvernd IER	14.980
Rammaúthlutun 2023	1.832.434

Tafla 8: Umhverfis- og skipulagssvið

Umvhverfis- og skipulagssvið (USKRK)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	9.671.152
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-112.878
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	83.582
Hagræðing 1% á laun	-33.293
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	51.841
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa USK	5.809
Kynning á nýju samræmdu hirðukerfi	0
Samræming hirðu	0
Skipulagsfulltrúi x2	0
Rammaúthlutun 2023	9.666.213

Tafla 9: Velferðarsvið

Velferðarsvið (VEL)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	31.945.728
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-77.635
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	222.793
Hagræðing 1% á laun	-248.305
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	496.297
Viðauki 2022: Þriggja ára tilraunaverkefni - frístund í Breiðholti (tímabundið 2020-2023)	37.600
Viðauki 2022: Uppbyggingaráætlun - Rökkvatjörn	135.673
Viðauki 2022: ÁS samningur	229.864
Viðauki 2022: Konukot	24.559
Viðauki 2022: Endurmat starfa VEL	111.790
Viðauki 2022: Fjölsmiðjan (tímabundið 2022-2024)	6.555
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa VEL	6.830
Viðauki 2022: NPA samningar - kjarabætur	104.549
Kjarabætur v/samnings við ÁS styrktarfélag	63.705
Vistgreiðslur barnaverndar	558.679
Farsældarfrumvarpið (Málstjórar)	0
Börn með alvarlegar geðraskanir	743.540
Nýliðun í vinnumiðaðri stoðþjónustu	57.941
Rammaúthlutun 2023	34.420.161

Tafla 10: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	2.956.116
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	12.406
Hagræðing 1% á laun	-13.554
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	43.240
Viðauki 2022: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur- hækkun launa ÞON	1.178
Rammaúthlutun 2023	2.999.385

Tafla 11: Eignasjóður – Eignaskrifstofa

Eignasjóður - Eignaskrifstofa (ESR)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	-21.719.377
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Hagræðing 1% á laun	-1.109
Verkefnastjórn mannvirkja	0
Rammaúthlutun 2023	-21.720.486

Tafla 12: Eignasjóður – Umhverfis- og skipulagssvið

Eignasjóður - Umhverfis- og skipulagssvið (USKES)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	3.429.786
Verðbætur á gjaldskrártækjur	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	152.425
Hagræðing 1% á laun	-25.326
Viðauki 2022: Hagvaxtarauki	39.260
Skilavegir sem færðust til Reykjavíkurborgar 2022	60.000
Rammaúthlutun 2023	3.656.145

Tafla 13: Eignasjóður – Verkefnastofa þróunarmála

Eignasjóður - Verkefnastofa þróunarmála (VST)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2022	-4.670.478
Verðbætur á gjaldskrártækjur	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Hagræðing 1% á laun	-687
Atvinnu- og borgarþróun stöðugildi	-
Rammaúthlutun 2023	-4.671.165